

7. tbl. 1. árg.  
13. des. 2012

# HRING IÐAN

LIST | MENNING | DÆGURMÁL



Ókeypis eintak



JÓLA

# TAX FREE

TAX FREE JÓLAGJAFIR

13. - 15. desember á Ísafirði

TAX  
FREE

AF ÖLLUM VÖRUM  
í Blómavali  
ÍSAFIRÐI



TAX FREE  
VERKFÆRI



TAX FREE  
FATNAÐUR



TAX FREE  
SMÁRAFTÆKI



TAX FREE  
BÚSAHÖLD



TAX FREE  
LEIKFÖNG

blómaval



HÚSASMÍDJAN



\*Tax free gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ eða tilboðsvörum.  
Tax Free tilboð jafngildir 20,32% afslætti af almennum vörum og 6,54% af matvöru.  
Að sjálfsgögu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

ALLT FRÁ GRUNNI AD GÖÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956



Náðu í lagið  
í fullri lengd.



Sjáðu myndband  
frá undirbúningnum.



# Jólin eru komin há Vodafone



Vodafone þakkar Drangnesingum kærlega fyrir frábæra samvinnu við gerð jólaauglýsingarinnar. Sjáðu undirbúninginn, myndbandið og jóla-  
bæklinginn á [www.vodafone.is/jol](http://www.vodafone.is/jol).

**Þín ánægja er okkar markmið**

[vodafone.is/jol](http://vodafone.is/jol)



**flickr**<sup>™</sup>

**Nafn:**

Jón Steinar Sæmundsson

**Uppruni:**

Fæddur 30. júní 1969 á Ísa-  
firði en uppalinn í Grindavík.

**Flickr-síða:**

Bara fésbókarsíðan mín.

**Af hverju ljósmyndun?**

Fallegar myndir hafa alltaf heillað og mig hafði lengi dreymt um að geta tekið fall-egar myndir en aldrei látið verða af því að eignast alvöru myndavél fyrr en nú í seinni tíð og er orðinn gegnsýktur af bakteríunni.

**Fyrsta græjan?**

Polaroid vél sem framkallaði sjálf. Fermingargjöf að mig minnir.

**Skemmtilegasta kóðak mó-  
mentið?**

Það er án nokkurs vafa, er ég fékk að fljóta með bróður mínum á rjúpnaveiðar nú í haust, ég auðvitað vopnaður myndavélinni en hann byssu og þar sem ég kem auga á rjúpu og byrja að mynda, búinn að taka 5 eða 6 myndir af fuglinum. Án þess að vita af



þá hafði bróðir minn komið auga á rjúpugreyið líka og fyrir algjöra tilviljun skutum við rjúpuna á nákvæmlega sama tíma, ég með myndavélinni og hann með byssunni. Sennilega óheppnasta rjúpa í heimi að láta skjóta sig tvisvar á sama augnablikinu.

**Hvað er í dótakassanum?**

Myndavélin er Canon EOS 40D, linsur Canon EFS 17-85, Canon EF 100mm 1:2, Canon EF 70-300mm og svo Canon EF 100-400mm ásamt battery pack, flassi og þrífót.

**Á hvern skorar þú?**

Ég ætla að skora á frænda minn Harald Hjálmarsson sjómann og áhugaljósmyndara.



TAL JÓL 2012

TAL

# GLEÐILEGA HÁTÍÐ OG FARSÆLT KOMANDI TAL

JÓLIN ERU TÍMI ÁSTAR, HLÝJU OG ÁHYGGJULEYSIS. ÞÁ ER GOTT AÐ GETA FERÐAST UM ALNETIÐ Í SPARIFÖTUNUM ÁN ÞESS AÐ HAFA ÁHYGGJUR AF NOTKUNINNI. ÞESS VEGNA ER GOTT AÐ VITA AF ÞVÍ AÐ MEÐ HVERJUM SNJALLSÍMA SEM KEYPTUR ER HJÁ TALI FYLGIR **10 GB NOTKUN Á MÁNUÐI Í HEILT ÁR.\***

**KÍKTU Í NÆSTU VERSLUN TALS OG NÝTTU ÞÉR HUGHEILT JÓLAVERÐ**

## SAMSUNG GALAXY SIII 6.590 KR. Á MÁN. VAXTALAUST Í 18 MÁN.\*

10 GB Á MÁNUÐI FYLGJA ÞESSUM SÍMA,  
120 GB Á ÁRI

STAÐGREIÐSLUVERÐ 109.900 KR.

\* m.v. kortalán Valitors

## SAMSUNG GALAXY ACE 2 2.990 KR. Á MÁN. VAXTALAUST Í 18 MÁN.\*

10 GB Á MÁNUÐI FYLGJA ÞESSUM SÍMA,  
120 GB Á ÁRI

STAÐGREIÐSLUVERÐ 47.900 KR.

\* m.v. kortalán Valitors

## SAMSUNG GALAXY SII 4.900 KR. Á MÁN. VAXTALAUST Í 18 MÁN.\*

10 GB Á MÁNUÐI FYLGJA ÞESSUM SÍMA,  
120 GB Á ÁRI

STAÐGREIÐSLUVERÐ 69.900 KR.

\* m.v. kortalán Valitors

## SAMSUNG Y 1.890 KR. Á MÁN. VAXTALAUST Í 12 MÁN.\*

10 GB Á MÁNUÐI FYLGJA ÞESSUM SÍMA,  
120 GB Á ÁRI

STAÐGREIÐSLUVERÐ 19.900 KR.

\* m.v. kortalán Valitors



**SVONA Á SAMBAND AÐ VERA**

VERSLANIR | KRINGLAN | SMÁRALIND | GLERÁRTORG | WWW.TAL.IS

\*Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti • 320 kr./mán. greiðslugjald. 10 GB á mánuði í heilt ár fylgir með GSM sínum í áskrift eða frelsi hjá Tali.

Birt með fyrirvara um verðbreytingar og prentvillur.

**10 GB**



# Heima að heiman

Arnþrúður Gísladóttir flutti til Árósa í Danmörku eftir að hún útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands. Hún er nú að skrifa BS-verkefnið sitt í byggingarverkfræði sem hún útskrifast úr í janúar.



## Edinborgarhúsið mitt:

Gömlu vöruhúsin á jarnbrautarteinunum hýsa nú menningar- miðstöð Árósabúva. Fermetrafjöldinn er óendanlegur og húsið iðar af lífi frá morgni til kvölds.



## Gamla bakaríð mitt:

Kanilsnúðar í Lange baner eru aðalsmerki hverfisbakarans. Látið nafnið ekki villa um fyrir ykkur, bakkelsið er danskt eins og það gerist best.



## Krúsin mín:

Hinn viðfrægi bar verkfræðinema, Harrys Kælder, lætur ekki mikið yfir sér, en þar er bjórinn seldur í metrum og dansað uppi á borðum þangað til lokatónarnir í Final Countdown renna út.



## Hamrarnir mínir:

Ég er tíður gestur í kammertónlistarsal tónlistarháskólans. Eins og í Hömrum setur fallegur gluggi sterkan svip á salinn.





„Klikkuð bók.


Lesið hana!

... Fróðleg, skemmtileg, sorgleg og myndin.“

ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ



EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL



EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL

**Illska**

**Illska**  
EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL

ÍSLENSKU  
BÓKMENNTA  
VERÐLAUNIN

*Filnefning*



MÁL OG MENNING

„Þetta er dúndur ...

Rosalega mikil bók á alla kanta ...  
margbrotið verk ...“

EGILL HELGASON / KILJAN



„Hér er enginn tepruskapur, hvort sem  
um morð eða samfarir er að ræða,  
allt er sagt, öllu lýst ...“

EINAR FALUR INGÓLFSSON / MORGUNBLAÐIÐ



„Allir þeir sem vilja horfast í augu  
við sannleikann um Ísland og heiminn  
sem er allt í kring verða hreinlega  
að lesa. Eftir það getum við  
byrjað að tala saman.“

JÓN BJARKI MAGNÚSSON / DV

„... fallett og viðamikið skáldverk,  
þrekvirki ... um laskaðar manneskjur  
sem leiðast um sjúklega veröld  
í allri sinni depurð – og dýrð.“

BJÖRN UNNAR VALSSON / BOKMENNTIR.IS

„Stór bók í öllum skilningi ...  
áhrifin mjög sterk ... fantavel skrifað ...“

FRÍÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / KILJAN

„Spurning hvort maður eigi eftir  
að lesa betri skáldsögu í haust ...  
vel gert ... heldur allan tímann ...“

ÞRÖSTUR HELGASON / KILJAN



# Gítarsafnarinn Friðrik Lúðvíksson

S. Friðrik Lúðvíksson, betur þekktur sem Friðrik gítarkennari hefur kennt við Tónlistarskóla Ísafjarðar síðan haustið 1987. Friðrik kom fyrst til Ísafjarðar til að kenna smíðar. Hann kenndi einnig handavinnu og sótti Sigríður Ragnarsdóttir hann út í handavinnustofu sem var á barnaskólalóðinni til að fá hann til að kenna á gítar. Síðan þá hefur hann kennt bæði á rafmagnsgítar og klassískan gítar, bassa og byrjendum á trommur. Friðrik á glæsilegt hljóðfærasafn. Hann á fjöldann allan af gítörum en einnig á hann strengahljóðfæri sem hann hefur við að sér víðs vegar úr heiminum.

## Hver er uppáhalds gítaristinn þinn?

Gary Garcia í dag, kannski Mark Knopfler á morgun eða Joe Pass?

## Hefur þú spilað í hljómsveit?

Mörgum, ég lifði á því meira og minna fram undir fertugt.

## Hvað áttu marga gítara?

Ég hef ekki talið nýlega, en líklega á milli 30 og 40.

## Nagarðu neglurnar?

Alveg bannað á hægri hendi en kemur fyrir á þeirri vinstri.

## Áttu g-streng?

Marga, bæði stutta og langa, þykka og þunna, stífa og mjúka!

# Verslaðu heima – og fáðu í skóinn

Allir sem versla í vefverslun Advania í desember eiga möguleika á að fá jólaglaðning í skóinn. Frá og með 11. desember drögum við úr nöfnum þeirra sem nýta sér vefverslunina og birtum á Facebook.

[advania.is/jol](http://advania.is/jol)



**iPad mini**  
Wi-Fi 16 GB  
verð: 58.990



**Dell Inspiron**  
14z Ultrabook  
verð: 159.990



**Nettir ferðahátalarar**  
með mögnuðum hljóð  
verð: 3.950



**Fartölvuumslag í**  
mörgum litum  
verð: 3.990  
áður: 6.190



**Dell 27" LED skjár**  
verð: 59.900  
áður: 69.900



**500 GB flakkari**  
verð: 18.990



**Samsung Galaxy Tab 2**  
10" WiFi 16 GB  
verð: 67.990



**Samsung Galaxy SIII**  
verð: 109.900



**Bakpoki fyrir allt**  
að 15,6" fartölvu  
verð: 9.990



**Þráðlaus Dell Prentari**  
- skannar og ljósritar  
verð: 24.990  
áður: 29.990



**Þráðlaus 32 GB**  
flakkari  
verð: 16.990  
áður: 23.490



**Fartölvuumslag**  
með hliðaról  
verð: 7.790



Þeir sem vilja standa upp úr sófanum eru velkomnir í verslanir okkar á Tryggvabraut 10, Akureyri eða Grensásvegi 10, Reykjavík.

# Hrekkjalómurinn Bö

Björn Baldursson, safnstjóri Byggðasafns Vestfjarða býr í 250 ára gömlu húsi, Krambúð í Neðstakaupstað ásamt eiginkonu sinni, söngkonunni Ingunni Ósk og börnunum, Baldri og Snjólaugu. Það vita þeir sem þekkja Bödda að hann er afskaplega stríðinn og hrekkirnir hans oft vel skipulagðir og umfangsmiklir.

## Hvenær byrjaðiru á þessum hrekkjum?

Það hefur nú lengi loðað við móðurættina mína að hafa gaman af að hrekkja náungann. Hvenær ég byrjaði á þessum ósið man ég ekki alveg en það færðist allavega stórlega í aukana eftir að ég kynntist konunni minni, en af einhverjum ástæðum lendir hún oft í hlutverki fórnarlambinsins.

## Hver er uppáhalds hrekkurinn þinn?

Einu sinni ætlaði ég að hrekkja Jónu Símoníu samstarfskonu mína með apa sem brást við hreyfingu með því að syngja La Bamba með miklum hávaða og látum og stíga dans. Setti ég hann ofan í kassa fullan af skjölum sem hún var að vinna í þá stundina inni á kontór hjá henni. En í millitíðinni þurfti Jóhann Hinriksson að fara inn á skrifstofuna hennar og það var ekki að sökum að spyrja, apinn hóf upp raust sína með miklum fyrirgangi, dansaði sem enginn væri morgundagurinn og ég heyri að Jóhanni verður mikið um. Spurði hann mig síðan hvort að ég bæri ábyrgð á þessum apaketti sem ég varð og að játa.

## Hvaða hrekkur hefur heppnast best?

Mér þykir voða gaman að senda fólki bréf í nafni hinna og þessa aðila. Eitt slíkt heppnaðist mjög vel, og það var að sjálfsögðu Ninna sem fékk að kenna á því. Það var bréf sem ég sendi í nafni Íslenskrar Erfðagreiningar fyrir alllöngu. Þar voru þeir að beiðast liðsinnis í kortlagningu Íslendinga og breytileika á milli ætta. Samhljóða bréf var sent til systkina hennar. Það gekk semsagt út á það að gera hinar og þessar mælingar á eigin líkama og ef svör bærust fyrir vissan tíma væri von á smá glaðningi. Þarna var verið að rannsaka höfuðbyggingu og höfuðlag og útlími viðkomandi, og m.a átti að framkvæma eftirtaldir mælingar:

Ummál höfuðs fyrir ofan eyrnavegg yfir enni  
Fjarlægð milli eyrna (mælt undir höku milli eyrnasnepla)  
Fjarlægð milli ytri augnkróka (auralis botragenis)  
Lengd fingra frá hnúum  
Breidd fótar yfir ristarboga o.fl.

Tók ég mér jafnframt það leyfi að búa til hin og þessi læknisfræðiheiti til að gera þetta trúverðuglegra. Hún tók upp bréfið og las það og setti það svo til hliðar. Þegar nær dró því að hún átti að skila mælingunum settist hún niður með málband og blað og hóf mælingar og mældi þetta allt samviskusamlega. Svo kom að því að þurfti að mæla staði sem hún þurfti aðstoðar við og hóaði þá í sinn elskulega eiginmann sem að sjálfsögðu gat ekki haldið andlitinu lengur og varð að játa á sig sökina. Og ég hef skrifað fleiri bréf þó þau verði ekki rakin hér.

## Hvern þykir þér skemmtilegast að hrekkja?

Mér finnst alveg óstjórnlega gaman að hrekkja nágretta mína í Faktorshúsinu, ég skil ekki af hverju þeir eru enn vinir mínir eftir allt sem á þeim hefur dunið, Ninnu af því hún er svo grandalaus og sein að fatta að það er verið að hrekkja hana, og börnin mín, mér finnst ógurlega gaman að haga mér eins og fífl þegar ég er með þeim einhversstaðar, t.d. taka ballettspor í Samkaup, máta barnahúfurnar, syngja Justin Bieber lög eða eitthvað í þeim dúr. Ég skil ekkert í því að þeim finnst það ekki fyndið og vilja ekki þekkja mig undir þessum kringumstæðum, sérstaklega ekki dóttir mín. Mér finnst eiginlega gaman að hrekkja alla!!

## Ertu með hrekk í bígerð?

Já, fleiri en einn og fleiri en tvo.

## Er hrekkur einelti?

Hrekkir geta orðið að einelti, en ef maður passar sig á því að hafa nógu langt á milli, og númer eitt að þeir séu ekki særandi fyrir viðkomandi og að báðir geti hlegið að þeim eftir á, held ég að þeir lífgi bara aðeins upp á tilveruna.



ðdi





## Líf og fjör á jólahlaðborði

Fjölmenni var á jólahlaðborði Edinborg Bistro sem haldið var í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á laugardagskvöld. Boðið var upp á hlaðborð dýrindis rétta við undirleik veislu-stjórans Eddu Björgvinsdóttur sem fór á kostum. Að borðhaldið loknu var dansað fram eftir nóttu við undirleik Þórunnar og Halla. Davíð Davíðsson skellti sér á jólahlaðborðið og tók þar meðfylgjandi myndir.



# Thai Iceland

Hafnarstræti 8

Nýjar vörur vikulega



**Opið alla virka daga 11-19**  
**Laugardaga 11-18**  
**Þorláksmessu 11-24**  
**Aðfangadag 10-12**

FÉLAG OPINBERRA STARFSMANNA  
Á VESTFJÖRÐUM  
ÓSKAR FÉLAGSMÖNNUM SÍNUM  
OG LANDSMÖNNUM ÖLLUM  
GLEÐILEGRAR JÓLAHÁTÍÐAR

MEGI KOMANDI ÁR FÆRA YKKUR  
FARSÆLD OG FRÍÐ



**F.O.S. Vest.**

Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum. fosvest@fosvest.is  
Aðalstræti 24 • 400 Ísafjörður • Sími 456-4407

# Hæfingarstöðin Hvesta

Hæfingarstöðin Hvesta er staðsett við Aðalstræti 18 á Ísafirði. Í Hvestu vinnur fólk með fötlun sem hefur ekki getu til að starfa á almennum vinnumarkaði. Í Hvestu vinnur fólk ýmsa vinnu sem mótast við getu viðkomandi og áhuga-svið. Ýmis framleiðsla og handavinna á sér stað í Hvestu, þar ber helst að nefna kerta-, skartgripa- og sérúngerð. Nýlega eru þau byrjuð að fönðra jólakúlur á jólatré.

„Hér fer fram ótrúlega mikil starfsemi, nú vorum við að fá iPad sem við keyptum fyrir tölvustyrk sem við fengum og ég held að hann eigi eftir að reynast okkur vel,“ segir Sif Huld Albertsdóttir forstöðumaður Hvestu.

Starfsmenn hæfingarstöðvarinnar tengjast hinum almenna vinnumarkaði á einn eða annan hátt. En það þykir Kristínu Jónu Þórarinsdóttur einmitt skemmtilegast, að vinna með álpappír fyrir Hár-



kompaní. Á meðan Guðnýju Sæbjörgu Jónsdóttur þykir skemmtilegast að lita.

Hvað vinnnið þið lengi á dag stelpur?

**Sífna:** Við komum klukkan tíu.

**Guðný:** Til fjögur.

Er skemmtilegt í vinnunni?

**Sífna:** Já.

**Guðný:** Já.

Hvað langar ykkur í jólagjöf?

**Sífna:** Það er nú það, kannski snyrtivörur.

**Guðný:** Já, snyrtiborð!

Á föstudögum hafa þau snyrtistund þar sem stelpurnar fá m.a. naglalakk. Í þessari viku hefst jólalaga-söngnám-skeið sem haldið er af Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Guðný hlakkar sérstaklega til þess.



Jólagjöfin í ár er

## Spjaldtölva

Þjóðum upp á gæða spjaldtölvur frá United og Google. Tilvaldar í lesturinn, horfa á kvikmyndir eða vafra á internetinu.

Verð frá: 19.990 kr



IBTJGAI9601

### VERKFÆRASETT 96 STK.

1/4" - 1/2" 4 - 32 mm  
Toppar, lykklar, skrúfjárn, tóng og fl.  
Sterk plasttaska

**GOTT VERÐ**



**16.900** m/vsk

Kynningarverð

IBTGAAI4201

### TOPP, OG FASTLYKLASETT 42 STK.

1/4" 5.5 - 13 mm  
1/2" 10 - 24 mm  
Fastir lykklar 8 - 22 mm  
Sterk plasttaska

**14.900** m/vsk

Fullt verð 22.239



IBTGCAI130B

### TOPP, BITA OG FASTLYKLASETT 130 STK.

1/4" - 3/8" - 1/2"  
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"  
Lyklar 8 - 22 mm  
E toppar, sexkantbitar og fl.  
Sterk plasttaska

**26.900** m/vsk

Fullt verð 37.900



**TILBOÐ**

IBTGCAI8002

### VERKFÆRASETT 80 STK.

Toppar 1/4" og 1/2" 4 - 32mm  
Fastir lykklar 8 - 19mm  
Djúpir toppar, bitar, tangir  
og skrúfjárn.  
Sterk plasttaska

**21.900** m/vsk

Fullt verð 36.052



**TILBOÐ**

SKÓTÖNG



9.900 kr.

SKRÚFBITASETT



1.290 kr.

VERKFÆRATASKA (TÓM)



9.900 kr.

TOPPLYKLASETT 1/4"



6.900 kr.

IBTDJACO106

### SKRÚFSTYKKI MEÐ SNÚNING 180°

Breidd 6"  
Opnun 6"



**16.900** m/vsk

Fullt verð 28.007

**TILBOÐ**

IBTGCAI2802

### TOPPLYKLASETT 28 STK.

1/2" 8 - 32 mm  
Framlenging með LED ljósi  
Sterk plasttaska

**9.900** m/vsk

Fullt verð 14.900



**TILBOÐ**



vnr: IBTGT-28305

### 283 STK - VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM

7 Skúffur  
1/4", 3/8" og 1/2" topplykasett  
Fastir lykklar, sexkantar og skrúfjárn,  
djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfuguggasett, slaghamar,  
splittatangir, tangir, bitar og fl.  
Sterkur vagn með lás

**179.900** m/vsk

Fullt verð 231.490



**03:30:** Hrökk upp við hávæert píp, lá og reyndi að átta mig á hvað þetta var og þegar það hætti ekki fór ég fram úr og reyndi að finna út hvaðan það kæmi. Að lokum rann ég á hljóðið – lá ekki heimasíminn í eldhúsinu og kvartaði yfir því að vera orðinn batteríslaus! Mig langaði mest til að grýta honum í næsta vegg en lét hann í hleðslutækið og fór aftur upp í rúm.

**07:00:** Klukkan í símanum hringir. Það var ekki mikið sofið eftir næturævintýrið en ég ýti á blunda og reyni þannig að draga það að fara út í daginn.

**07:10:** Klukkan í símanum hringir og nú verð ég að stökkva fram úr. Byrja á að kveikja á útvarpinu en rás 1 er með svo notalega tónlist og spjall að það verður auðveldara að vakna þegar skammdegið er skolið á. Ég vek heimilistólkið sem á að mæta í skólann kl. 08:00 og hef til nesti og morgunmat.

**08:00:** Fer niður í kjallara og set í eina vél og skelli mér svo í sturtu.

**08:30:** Fæ mér morgunmat og sest fyrir framan tölvuna til að senda tölvupósta á foreldra Barnakórsins og pósta á Facebook vegg Skólakórsins upplýsingum um næstu æfingar. Kórarnir eru að syngja með Karlakórnum Erni á þeirra árlegu jólatónleikum og það er í mörg horn að lífa við undirbúning á þeim.

**09:50:** Komin út í Tónlistarskóla, næ mér í fyrsta kaffibolla dagsins.

**10:00:** Tek á móti söngnemenda og kenni honum næsta klukkutímann.

**11:00:** Skoða lög fyrir Skólakórinn því hann ætlar að syngja á torginu á Þorláksmessukvöld og æfi mig aðeins á píanóið.

**11:30:** Næsti söngnemandi er mættur og ég kenni honum næsta klukkutímann

**12:30:** Skýst heim, fær mér að borða, tek úr þvottavélinni og hengi upp. Hlynur Ingi átti afmæli í gær og ég bý til krem á kökuna sem við ætlum



að hafa í eftirrétt í kvöld í mat hjá mömmu og pabba.

**13:20:** Komin út í Tónlistarskóla og ljósrita ýmis skemmtileg jólalög fyrir Skólakórinn. Næ að skera þau í rétta stærð fyrir möppurnar og flokka þau svo hægt verði að setja lög in möppurnar seinna um daginn.

**14:30** Barnakórinn mættur á kóræfingu. Alltaf fjör og gleði þegar þau streyma í húsið. Við erum að æfa lög sem kórinn syngur með Karlakórnum Erni en fyrsta sameiginlega æfing kóranna var sl. sunnudag og það þurfti aðeins að ræða hvernig okkur gekk og hvað karlarnir voru stundum fyndnir.

**15:30:** Grunnámshópur eitt í hlustun, greiningu og tónheyrn eru næst á stundatöflunni en við erum að æfa okkur í að þekkja tónbil, klappa hrynjing og púls, skrifa niður hrynjing

og greina ýmsar tegundir tónlistar.

**16:30:** Grunnámshópur 1a í hlustun, greiningu og tónheyrn streymir inn í stofuna. Við erum að klára fyrri bókinu í námsefninu og það var stórt brot sem lék um varir þeirra þegar henni var lokið.

**17:30:** Kveð hópinn, tek til kórmöppur og set jólalög in sem ég hafði ljósritað fyrir um daginn í þær.

**18:00:** Kóræfing Skólakórsins hefst. Við erum einnig að undirbúa tónleika með Karlakórnum Erni og við förum yfir næstu æfingar og plön. Svo eru jólalög in æfð af miklum móð.

**19:15:** Fer úr Tónlistarskólunum og labba heim með Brynju Sólrúnu sem syngur í Skólakórnum og þar sækjum við Hlyn Inga. Tökum í leiðinni afmæliskökurnar sem ég hafði

bakað daginn áður.

**19:30:** Komin upp á Engjaveg 26 til mömmu og pabba en við fjölskyldan höfum hist í mat einu sinni í viku núna í 3 ár og er það alltaf jafn notalegt að koma á æskuheimilið og setjast niður, spjalla og borða góðan mat en foreldrar mínir eru listakokkar.

**21:00:** Kem örþreytt heim, skelli mér í náttbuxur og fer að huga að næsta degi. Fara yfir hann og sjá hvar og hvenær ég þarf að mæta. Kíki í tölvuna og skoða Google Docs því ég er að setja mig inn í það því ég lét kjósa mig sem ritara í stjórn Félags íslenskra söngvara. Fer snemma í háttinn því pípið sem ég vaknaði upp við um nóttina varð þess valdandi að ég svaf ekkert meira þá nótt.

**22:30:** Leggst á koddann og veit ekki af mér meira.

# PRÓFLOKADJAMM

FM957 PLÖTUSNÚÐADÚETTINN  
**HEIÐAR AUSTMANN** OG  
**RIKKI G** SJÁ TIL ÞESS AÐ  
VESTFIRÐIR FAGNI PRÓFUNUM  
LANGT FRAM Á RAUÐA NÓTT!

Partýið verður á  
**EDINBORG** nk.  
föstudagskvöld og  
opnar húsið kl. 23:00!  
Aldurstakmark 18. ár.



## PRÓFLOKADJAMM

Einn **1.000 KALL INN** og málið dautt!  
Skemmtileg tilboð á barnum í byrjun kvölds!  
Sjáumst á Edinborg í sannkölluðu jóla og  
djammskapi!

p.s. DJ Raggi spilar laugardagskvöld

Egils  
**Gull**



Edinborg  
Bistro - Café - Bar



# Lausn á síðustu krossgátu

			S	A	K	A	M	Á	L		
				G				Á			
			⇒	E	I	G	U	M	↔		
				O	Ð	A	R		V		
		L	A	R	A	D	I				
Jón Steingr.	↓	H			G	E	Ð	P	R	Ú	Ð
	F	O	R	I	N	G	I	↔	Ð	A	↔
	E	R		M	Ó	T		G	U	Ð	
V	I	N	Æ	P	T		U	R	R		E
	T		E	R	T	U	N	A		Æ	Ð
V	I	R	Ð	A		R	A	F	A	F	L
	R	Ó	L		Á	T		A	L		A
	↔	F	A	N	G	A	R	↓	D	O	K
B	R	U	N	A	R		E	G	I	L	L
	A	N		R	I	T	F	Ö	N	G	I
	S	N	A	R	P	A		N		A	F
S	K	I	N	I		L	E	G	U	N	A

2				8				6
		6			7	3		
	1			2			4	
	8							
6		3		5		9		8
							7	
	5			4			9	
		9	2			1		
4				1				5

	2							
			3			8		5
	5	1		4		7		
				6			1	
		6	8		2	5		
	1			5				
		4		7		6	3	
6		9			8			
							4	

## Helgin í Melrakkasetrinu í Súðavík

Föstudagur 14. desember

**Jólabjórsmakk**

**Kræklingasúpa og plokkari**

Opnum kl: 20:00 1000,- kr.

16. desember

**Sunnudagskaffi**

Höfundar **Boðið vestur**

lesa og árita fyrir gesti

Jólagjafir - markaður á loftinu

Lifandi tónlistarflutningur

Jólamyndataka og andlitsteiknun

Jólakaffi, sögur og sæla

Opið 12-18

Sjáumst - melrakkarnir!



**Ertu búin(n)  
að tryggja þér  
auglýsingapláss  
fyrir jólin?**

Hafið samband við  
Halldór í sínum 456  
4560 eða 894 6125

## Hvað er að gerast?

### Fimmtudagur 13. desember

19:30: Hamrar: Jólatónleikar hljóðfæranaema.

### Föstudagur 14. desember

10:00: Hlíf: Húslestur í kjallaranum.

12:00: Háskóla-setur Vestfjarða: Vísindaport.

19:30: Hamrar: Jólatónleikar hljóðfæranaema.

20:00 Melrakkasetrið í Súðavík: Jólaljör smakk, kræklingasúpa og plokkfiskur að hætti lida.

21:00: AA húsið: Eyrargötu: AA fundur.

21:00: Kaffi Ísól: Drekktu betur.

21:00: Einarshúsið, Bolungarvík: Spilavist.

23:00: Edinborg Bistro: Próflokadjamm. FM957 plötu-snúðadúettinn, Heiðar Austmann og Rikki G sjá til þess að vestfirskir framhaldsskólanemar fagni prófunum langt fram á rauða nótt. Einn 1000 kall inn og málið dautt!

### Laugardagur 15. desember

10:00: Torfnæs: Íþróttaskóli KFÍ.

17:00: Hvíta húsið, Bolungarvík, 3.hæð: AA fundur.

20:00: Friðarsetrið í Holti: Kósýkvöld. Vaðlabandið verður með ljúfa tónlistardagskrá og kvenfélag Mosvallahrepps býður upp á heitt súkkulaði og smákökur. Tónleikarnir hefjast kl. 20:30. Verð kr. 2.000.-

### Sunnudagur 16. desember

11:00: Ísafjarðarkirkja: Fjölskyldumessa. Barnakór Tónlistarskóla Ísafjarðar syngur. Börn úr kirkjustarfinu flytja helgi-leik jólnanna. Eftir messu verður dansað kringjum jólatré í safnaðarheimilinu og sungnir jólasálmur.

12:00-18:00: Melrakkasetrið í Súðavík: Aðventukaffi og jólagjafamarkaður. Lesið úr bókunum Boðið vestur og Vaskir menn. Andlitsteiknun, lifandi tónlist og óvæntar upptakomur.

19:30: Útibú TÍ á Þingeyri: Jólatónleikar tónlistarnema.

### Mánudagur 17. desember

19:30: Útibú TÍ á Flateyri: Jólatónleikar tónlistarnema.

20:00: Félagsmiðstöðin Djúpið

20:00: AA húsið, Eyrargötu: Alanon fundur.

20:00: Bræðraborg: Þrjónakvöld og kósý.

### Þriðjudagur 18. desember

20:00: Ísafjarðarkirkja: Æskulýðsfundur.

21:00: AA Húsið, Eyrargötu: AA fundur

### Miðvikudagur 19. desember

10:30: Ísafjarðarkirkja: Foreldrasamvera

17:00: Ísafjarðarkirkja: Kirkjuskóli barnanna.

18:00: Ísafjarðarkirkja: 9-12 ára kirkjustarf.

20:00: Félagsmiðstöðin Djúpið:


20:00: Bræðraborg: Trivial og gleði.

21:00: Félagsheimilið í Súðavík: AA fundur.



# Mér finnst...

... desember besti mánuðurinn



Ég er komin í jólafrí 5. desember þetta árið og finnst mér það sko ekki leiðinlegt! Þessi skólaönn hefur flogið áfram, enda er yfirleitt alltaf svo mikið að gera hjá mér í þessu lífi. Mikið að gera í skólanum, æfingar, vinnan og svo er það kórinn. Þar eru jólalöggin æfð í fyrri partinum sem kemur manni aðeins í girinn. Ég byrja svo almennilega að hlusta á jólalöggin í byrjun nóvember.. Já ég sagði byrjun nóvember! En þó bara ein í heddfónum þar sem fjölskyldan er ekki alveg tilbúin að byrja svona snemma. Eitt það besta sem ég veit er að vera með kveikt í arineldinum fyrir framan mig, góða jólatónlist, læra og hugsa hversu mikið ég hlakka til jólnanna.

Kertaljós, jólaseriur, smákökur, heitt kakó, fjölskyldan, vinirnir og jólatónlistin, þessi blanda lætur mér líða alveg ólýsanlega vel. Svo er það Ísafjörður (fallegasti bær Íslands) alltaf svo fallega skreyttur á jölunum. Þorláksmessukvöld er mikið í uppáhaldi, þá förum við systkynin saman í bæjarrölt um kvöldið, mættum fullt af hamingjusömu og

flottu fólki. Eftir bæjarröltið komum við heim og þá er farið að skreyta jólatréð. Og síðan bara að bíða eftir að aðfangadagur renni upp.

Jólin heima hjá mér eru svo sannarlega þau allra bestu og þess vegna hlakka ég mikið til þeirra. Þegar ég var yngri hlakkaði ég auðvitað alltaf til jólnanna en þá hlakkaði ég bara til að fá pakkana, fá nýtt dót og ný fót. Eftir því sem ég verð eldri hlakka ég eiginlega meira til. Ég hlakka til að fá frí, finna þennan góða jólaanda sem kemur yfir mann þegar líða fer að jölum og þurfa ekki að pæla í neinu nema hafa það gott með fjölskyldunni og njóta.

Á jölunum er svo mikill friður, enda er þetta tíminn sem við gefum enn meira af okkur og látum gott af okkur leiða. Á þessum tíma árs eiga allir að vera hamingjusamir, þakklátir fyrir það sem maður hefur og hugsa til þeirra sem eru í erfiðum aðstæðum og hafa það jafnvel ekki eins gott og flest allir aðrir. Verum góð við hvort annað og höfum það gott yfir hátíðarnar.

Helga Þuríður Hlynisdóttir.

# Þjónustauglýsingar

Vottaðar lífrænar  
vörur úr íslenskum  
handtíndum jurtum



## Öll almenn húsmíði

Bolungavík

456 7080 • 893 9362 • 690 1060

## RAFVERK EHF

### RAFVERKTAKI RAFMAGNSVERKSTÆÐI

Skólastíg 4 • Bolungarvík • S: 456 7373



HRADFRYSTIHÚSÍÐ-GUNNVÖR HF.

- sjálfbær niðing sjávarauðlinda



# G

## Geirnaglinn ehf

trésmíðaverkstæði  
Strandgötu 7b  
400 Ísafirði  
Sími: Þórhallur 848 2087  
Sími: Magnús 862 3122

### Öll almenn trésmíði



## Hreint umhverfi

Þjóðum vandað úrval Svansmerktra  
hreinlætisvara, hreinlætispappírs  
og hreinsiefna.



**BOLUNGARVÍK**  
Sími 456 7990 | bolungarvik@olis.is

**Bílasala**  
456 3800

**Bílaverkstæði**  
456 4580



**Suðurgötu 9**



Ráðgjafa- og nuddsetrið ehf

Sindragötu 7 • 400 Ísafjörður  
rons@rons.is • www.rons.is  
Símar 456 6698 & 899 6698 • fax 456 6698

Dekurnudd  
Steinanudd  
Alnudd  
Partanudd  
Rafmagnsnudd  
Stólanudd

Láttu bílinn njóta sín með  
**HELIX** sem er ein af allra bestu oljum  
á markaðnum í dag.

Olja sem þróuð hefur verið í samvinnu  
við framsæknustu vélaframleiðendur  
sem vilja aðeins það besta fyrir sínar  
vélar.



Söluaðil  
**Þrymur hf. Vélsmíðja**  
Suðurgötu 9 - Ísafirði



Sími í Bolungarvík 450 7900  
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður



Gámapjónusta  
Vestfjarða ehf

## BÆTT UMHVERFI BETRI FRAMTÍÐ

Fréttir og  
upplýsingar um  
réttindi og kjör  
á vinnumarkaði  
[www.verkvest.is](http://www.verkvest.is)



## Auglýsir þú í réttum miðli?

Öll almenn prentþjónusta.  
Plaköt og annað smáprent afgreitt samdægurs



Hafið samband -  
Sími 456 4560  
[hallidor@bb.is](mailto:hallidor@bb.is)



Opíð  
10-18  
alla  
virka  
daga

# Hárkompaní

sími 456 6363

Meðileg jól



# HJÓNAGJÖFIN YKKAR

## Stillanlegt og þægilegt!



Þráðlaus fjarstýring

TEMPUR  
DYNUR OG KODDAR

Chasmere  
heilsudýnur, stillan-  
legur botn og lappir  
**499.900**

2x90x200  
Fánlegt í öllum  
stærðum

Tempur  
heilsudýnur, stillan-  
legur botn og lappir  
**649.900**

2x90x200  
Fánlegt í öllum  
stærðum

**12**  
mánaða  
vaxtalaus lán  
á stillanlegum  
rúnum\*

Upplifðu þægindi,  
upplifðu stuðning, upplifðu TEMPUR®

Þegar þú sefur á TEMPUR heilsudýnu, hvílast hryggur og liðir í  
sinni náttúru legu stöðu. Með því einu að snerta takka getur þú  
stíllt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færðu nudd.  
Vaknaðu upp endurnærð(ur) og tilbúin(n) í átök dagsins.

TEMPUR  
DYNUR OG KODDAR

SPACE

TEMPUR WARRANTY  
15 YEARS LIMITED  
WARRANTY  
MATTRESSES

**12**  
mánaða  
vaxtalaus lán\*  
á Chiro  
collection

\* 3,5% lántökugjald

Chiro Deluxe  
heilsurúm á jóla-  
tilboði kr. 224.720 með:  
**56.180**  
kr. afsláttur  
160x200 cm

**AÐEINS**  
**19.722,-**  
afb. á mánuði í  
12 mánuði

## Chiro heilsudýnur NÝ HÖNNUN

Chiro heilsudýnan er uppbyggð  
til að veita hámarksslökun og  
hvíld í svefni. Dýnuna getur þú  
valið með Conforma heilsu-  
og hægindalagi, Latex eða ViscoPedic  
þrýsti jöfnunarefni.



STÍFUR

MJÚKUR

MILLI  
STÍFUR

TEMPUR® TRADITIONAL HEILSUKODDINN  
Fyrir alla í fjölskyldunni

TILVALIN JÓLAGJÖF  
**20%**  
jólaafsláttur af  
öllum Tempur-  
koddum

## MEMORY FOAM heilsuinniskór

Heilsusamleg jólagjöf á frábæru verði!



1 par kr. 3.900,-  
2 pör kr. 6.980,-  
3 pör kr. 9.990,-



**McGREGOR**  
ESTABLISHED NEW YORK 1921  
Úrval af baðsloppum  
- allar stærðir

www.betrabak.is

**Betra**  
**BAK**

Leggðu grunn að góðum degi

Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566  
Opíð virka daga frá kl. 12-18  
Laugardaga frá kl. 11-16